

DANSSTEFNA

10/20

FÍLD

FÉLAG ÍSLENSKRA
LISTDANSARA



À gæti lesandi.





Þessi dansstefna er unnin að frumkvæði Félags íslenskra listdansara, FÍLD, með fullri þátttöku danssamfélagsins.

Í stefnunni býr baráttuandi þeirra sem vinna að uppbyggingu listgreinarinnar til framtíðar. Þar tala danslistamenn einni röddu, þeir skilgreina brýnustu málefnið og þau úrlausnarefni sem mest eru aðkallandi. Hún er svar við brýnu kalli danssamfélagsins eftir átaki í uppbyggingu á listgreininni.

Stefnan byggir á þeim þáttum dansins sem nú þegar hafa sprottið upp og gefið hafa góða raun. Henni er ætlað að treysta þá þætti sem á því þurfa að halda auk þess að skapa grundvöll fyrir nýja möguleika að spretta upp úr grasrótinni. Umfram allt miðar stefnan að því að auka gæði og faglega þróun listdansins.

Með danssamfélagi er átt við alla þá aðila sem lifa og starfa innan greinarinnar, þ.m.t. fulltrúa dansstofnana, listdanskóla og danshátíða, danshöfunda og dansara, danskennara, dansmyndagerðarmenn, dansfræðinga, dansnemendur og dansunnendur.

Á undanförnum árum hafa danslistamenn af sjálfsdáðum náð miklum árangri í uppbyggingu greinarinnar. Fjármagn, aðstaða og aðbúnaður þurfa nú að koma til, svo tryggja megi áframhaldandi vöxt og festu í greininni. Til að svo megi verða þurfum við aðstoð stjórnmalamanna, embættismanna og annarra lykilaðila í samfélaginu.

Stefnan er því ætluð danslistamönnunum sjálfum, stjórnsýslunni, sveitarfélögum, menningarstofnunum, skólastofnunum, útflutningsaðilum, fagfélögum sem og öðrum hagsmunaaðilum til að vinna eftir og þar með tryggja dansinum örugga framtíð á Íslandi.

Stefnan tekur mið af þróun í umhverfinu, nýrri menningarstefnu Reykjavíkurborgar *Menning er mannrækt* sem og nýrri menntastefnu stjórnvalda og þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Á sama tíma er henni ætlað að vera innlegg danslistamanna í mótun fyrstu menningarstefnu stjórnvalda með því að skilgreina og forgangsraða þeim verkefnum sem ráðast þarf í.

Stefnan skiptist í fimm meginþætti: aðgengi, uppeldi, fagmennsku, þátt í menningarlífi og alþjóðasamfélag. Þannig næst skýrari sýn á þær meginstöðir sem leiða til markvissrar uppbyggingar miðað við núverandi stöðu. Þótt þættirnir séu aðgreindir í þessari stefnu, tengjast þeir innbyrðis og fléttast saman á margvíslegan hátt.

Íslenskt samfélag býr yfir kraftmiklum mannauði til þess að takast á við þau fjölþættu verkefni sem fyrir liggja og byggja upp danslist á Íslandi. Frá upphafi hefur leið dansins hvorki verið bein né greið, en danslistamenn hafa sýnt að þeir geta tekið lítil skref og stór, snúninga, dýfur, sveigjur og stökk og staðið keikir að leikslokum, í hvert sinn fullir af tilhlökkun yfir því að draumar dagsins í dag verði að veruleika morgundagsins.

Látum þessa stefnu sem nú hefur verið skráð vera fyrsta skrefið inn í bjartari framtíð!

Félag íslenskra listdansara

FÍLD

FÉLAG ÍSLENSKRA
LISTDANSARA

Útgefandi: Félag íslenskra listdansara 2010, www.dance.is

Ábyrgðarmaður: Karen María Jónsdóttir

Hönnun og umbrot: Hany Hadaya

Prentun: Pixel

Forsíða

Bear with me, 2008

Höfundur: Katrín Gunnarsdóttir

Ljósmyndari: Marco Pauer

Bls. 2-3

Endalaus, 2010

Höfundur: Alan Lucien Öyen

Ljósmyndari: Golli

► *The Memory of Skin*, 2010
Höfundur: Miikka Ryytty
Ljósmyndari: © Samuel Hense

► *Var það Gangári?*
Reykjavík Dance Festival 2009
Höfundur: Vaðall
Ljósmyndari: © Bryndís Steina Friðgeirsdóttir

Listdans er aðgengilegur öllum til upplifunar óháð félagslegri stöðu, aldri, kyni og búsetu



Að njóta menningar er hluti af almennum lífsgæðum en ekki forréttindi ákveðinna þjóðfélagshópa. Menning fyrir alla felur í sér að allir eigi kost á þátttöku í menningarlífi óháð félagslegri stöðu, aldri, kyni og búsetu. Mismunandi listform höfða til mismunandi þátta í okkur sjálfum. Því er mikilvægt að einstaklingar geti valið að upplifa mismunandi þætti menningar, þar með talinn listdans, og þroskað þannig með sér þá þræði sálarlífsins sem aðrar listir ná ekki til.

Árangur fram að þessu

Á síðasta áratug hefur fjöldi danssýninga á ári hverju aukist jafnt og þétt, m.a. vegna vaxandi fjölda vel menntaðra danslistamanna. Íslenski dansflokkurinn mætir ólíkum markhópum með fjölbreyttara framboði verkefna. Þar með hafa möguleikar almennings til að upplifa listdans aukist til muna.

Sveigjanleiki og hreyfanleiki einkenna greinina sem aldrei fyrr. Allmörg dansverk hafa verið samin fyrir óhefðbundin rými, til dæmis búðarglugga, einkaheimili og sundlaug. Danslistamenn hafa einnig sýnt töluverða hugmyndaauðgi í að skapa tengsl við samfélög utan höfuðborgarsvæðisins þar sem ekki er sýningaraðstaða. Danslistamenn sækjast í síauknum mæli eftir gestavinnustofum á landsbyggðinni til þess að þróa verkefni sín. Jafnframt hefur framboð vinnustofurýmis á landsbyggðinni

aukist og aðgangur opnast fyrir danslistamenn. Nú má sjá listdanssýningu tvisvar á ári að jafnaði á Akureyri og Ísafirði. Með þróun staðsértækra verka hafa danslistamenn náð að teygja anga sína víða um land.

Það sem þarf að breytast

Aðgengi almennings að listdansi er eins og lottó, tilviljunum háð og aðeins á færi þeirra sem búa nærri sölustað hverju sinni. Tryggja þarf almennt og stöðugt aðgengi almennings að listdansi og skapa rými fyrir dansinn þar sem hann er í forgrunni. Tilkoma Danshúss í höfuðborginni kemur á beinum tengslum milli danssamfélagsins og almennings. Í slíku danshúsi þarf að vera stöðugt framboð danssýninga af fjölbreyttu tagi sem þjónar ólíkum aldurs- og þjóðfélagshópum. Fjölga þarf danssýningum utan höfuðborgarsvæðisins.



Samhliða danshúsi í Reykjavík þarf að tryggja aðstöðu fyrir dans í þeim menningarhúsum sem nú eru að taka til starfa víða um land. Jafnframt þarf að skapa kerfi sem styður við sýningarferðalög dansverka innanlands og heldur utan um sýningarhald á landsbyggðinni. Opna þarf gestavinnustofur úti um land enn frekar fyrir danslistamönnum svo dansverkin spretti úr fjölbreyttum jarðvegi og í samtali við breiðari hóp samfélagsins.

Mismunandi danssýningar þurfa að standa almenningi til boða allt árið um kring. Stórauka þarf fjármagn til framleiðslu og flutnings dansverka með mismunandi strauma og stefnur dansins að leiðarljósi.

Auka þarf umfjöllun fjölmiðla um listdans. Í gegnum sjónvarp og aðra fjölmiðla þarf að færa listdansinn inn á hvert heimili í landinu.

Tillögur

- Opnað verði Danshús í Reykjavík sem tryggi almennt aðgengi að listdansi.
- Rými og aðstaða verði sköpuð fyrir listdans í menningarhúsum í öllum landshlutum.
- Komið verði á stofn kerfi fyrir sýningarferðalög dansverka innanlands.
- Gestavinnustofur á landsbyggðinni verði gerðar aðgengi-
legar danslistamönnum.
- Samfelldur straumur og fjölbreytt flóra dansverkefna verði tryggt með stórauðni fjármagni til listdansins.
- Danstengd dagskrárgerð verði sjálfsgædd þáttur í menningarframboði ríkisfjölmiðla.



- ◀ Jólaskemmtun Klassíska listdanskólans, júl 2009
Ljósmyndari: © Bryndís Steina Friðgeirsdóttir
- ▶ Nemendasyning Ballettskóla Eddu Scheving, vor 2009
- ▶▶ Nemendasyning Listdanskóla Íslands, vor 2010
Ljósmyndari: Valgarður Gíslason

Listdansinn er hluti af uppeldi sérhvers einstaklings

Allir geta dansað, upplifað og notið listdans. Listdansinn bætir andlega og líkamlega heilsu og styrkir sjálfsmynd einstaklinga óháð formi og framsetningu. Listdansinn þjálfar líkamlega hreysti íþróttanna og sköpunareðli listanna og sameinar þannig helstu kosti beggja heima. Dansinn fjölgar tjáningarmöguleikum, eflir félagslega færni og þjálfar gagnrýna hugsun og hefur þannig ótvírætt forvarnargildi. Í gegnum dansinn kynnist barnið sjálfu sér og umhverfi sínu.

Árangur fram að þessu

Listdansinn er nú hluti af Aðalnámsskrá grunnskóla. Hann er auk þess orðinn þáttur í kennslufræðinám Háskóla Íslands og meistaranámi í listkennslufræðum í Listaháskóla Íslands. Kennslufræði þessa náms leggur áherslu á skapandi dans í skólastarfi.

Samstarfsverkefnum grunnskóla og dansstofnana hefur fjölgað. Má þar nefna verkefni Íslenska dansflokksins „Strákar dansa“, sem aukið hefur áhuga ungra stráka á listdansi og breytt viðteknum hugmyndum um dansinn og möguleika hans.

Aukin meðvitund um fjölgreindir styður við mikilvægi þess að skólarnir bjóði börnum ekki eingöngu hugrænar náms- og þroskaleiðir heldur einnig skapandi námsleiðir, sem ýta undir samkennd, samstarf, sjálfstraust og gleði barna. Sýnt er að þátttaka í skapandi dansi hefur jákvæð áhrif á námsárangur margra barna.

Aukin viðvera dansins í skólastarfinu kennir börnum að tjá sig á eðlilegan hátt. Hann verður hluti af menningarauði þeirra og þannig vaxa upp kynslóðir sem eru læsar á dansformið og geta notið dansins á ýmsa vegu.

Það sem þarf að breytast

Það er forgangsatriði að tryggja öllum börnum greiðan aðgang að listdansi í gegnum almenna menntun, danssýningar og aðra fræðslu. Fjölga þarf leiðum fyrir börn til að upplifa og taka þátt í dansi í skólastarfinu.

Leggja þarf áherslu á skapandi dans, þar sem þörfum ólíkra einstaklinga til að þroskast á eigin forsendum er mætt og rými skapað fyrir bæði kynin. Endurskoða þarf Aðalnámsskrá grunnskóla með tilliti til þessa. Skólarnir geri ráð fyrir nægilegum tímafjölda innan stundatöflu til að framfylgja Aðalnámsskrá í dansi og tryggja að fagmenntaðir kennarar sjái um kennsluna.



Efla þarf almenna bekkjarkennara í samþættingu dansins við hefðbundnar kennslugreinar. Þessu til stuðnings þurfa kennarar að hafa aðgang að námsefni í dansi.

Leiða þarf listdansinn markvisst inn í Aðalnámsskrá leikskóla. Fjölga þarf samstarfsverkefnum skóla og danslistamanna þar sem börn og listamenn mætast í skapandi starfi.

Tillögur

- Inntak danskennslu í Aðalnámsskrá grunnskóla verði endurskoðað og kennslustundum fjölgað.
- Innleiðing dansins í Aðalnámsskrá leikskóla verði hafin.
- Námsgagnastofnun gefi út hagnýtt og fjölbreytt námsefni í dansi.
- Dönsurum og dansnemum verði kynntir kostir þess að hafa kennsluréttindi og þeir hvattir til frekara náms.
- Sett verði á stofn verkefni til að ryðja brautina fyrir fjölbreytt samstarfsverkefni milli danslistamanna og skóla og fé veitt sérstaklega til þessa.



◀ **A Provocation Pure and Simple**
Reykjavík Dance Festival 2010
Höfundar: Saga Sigurðardóttir og Anat Eisenberg
Ljósmyndari: Ómar Óskarsson

▶ **Skekkja**, 2008
Höfundur: Sveinbjörg Þórhallsdóttir/Panic Productions í samstarfi við Íslenska dansflokkinn
Ljósmyndari: © Bryndís Steina Friðgeirsdóttir

Forsenda listrænna gæða er öflug og markviss þróun fagmennsku á öllum sviðum listdansins. Fjölbreyttur hágæða listdans snertir við fólki og á erindi hvenær sem er. Sú list sem lifir og stenst tímans tönn er oftast en ekki verk listamanna sem hafa sterka rödd með skýrum sérkennum. Menningararfur þjóða byggist á slíkri list.

Árangur fram að þessu

Íslenski dansflokkurinn sækist eftir að starfa með íslenskum sem og erlendum danshöfundum í hæsta gæðaflokki. Dansarar flokksins hafa einnig sýnt að þeir standast fyllilega alþjóðlegan samanburð og hafa getið sér gott orð fyrir kraftmikla tjáningu og fjölbreytni.

Danslistamönnum fjölga stöðugt, þannig að fleiri danshópar og einstaklingar en áður standa fyrir sköpun og framleiðslu dansverka. Jafnframt eykst fjölbreytni í verkefnavali og framsetningu og má þar nefna síaukna framfarir í gerð dansmynda. Með stofnun Reykjavík Dance Festival árið 2002 varð til mikilvægur vettvangur fyrir faglega þróun. Fyrir tilstilli hátíðarinnar hafa orðið til fjölmörg ný dansverk og rödd íslensks listdans styrkst til muna. Sviðslistahátíðin ArtFart, stofnsett 2006, skapar rými og tækifæri fyrir unga sviðslistamenn, sem eru að stíga sín fyrstu skref inn í atvinnulífið.

Danslistamenn á Íslandi eru lítt bundnir af hefðum listformsins, sækja menntun og vinnu þvert á landamæri og hafa greiðan aðgang að nýjustu straumum og stefnum. Þær miklu breytingar sem hafa orðið á menntun dansara á framhaldsskóla- og háskólastigi bera vott um metnað og framsækni og miða að því að styrkja færni, frumkvæði og sköpunarkraft danslistamanna. Dansmenntunin stenst nú alþjóðleg gæðaviðmið og skilar fleiri vel hæfum einstaklingum en áður til danssamfélagsins.

Fræðilegar rannsóknir á dansi hafa náð fótfestu hér á landi þó í litlum mæli sé, ekki síst fyrir tilstuðlan Íslenska dansfræðafélagsins.

Það sem þarf að breytast

Það er mikilvægt að atvinnuumhverfi dansara sé í stakk búið að taka við listamönnum í upphafi ferils síns svo þeir hverfi ekki til

Listdansinn einkennist af fagmennsku, framsækni og frumkvæði

annarrastarfa. Spornaverður við miklubrottfalli danslistamanna úr greininni, sem er bein afleiðing af aðstöðuleysi og fjárskorti. Brottfallið vinnur gegn uppbyggingu reynslu, hæfni og þekkingar og hægir á allri faglegri þróun. Listrænn árangur helst í hendur við aðbúnað. Því þarf að efla atvinnuöryggi danslistamanna og tryggja þeim heilbrigt vinnuumhverfi sem sáemir atvinnulistamönnum, styrkja möguleika þeirra til samfelldrar starfsemi og lengja starfsaldur þeirra. Gera þarf greinarmun á áhugadönsurum og atvinnudönsurum og ráða atvinnufólk til starfa við uppsetningar leikhúsanna.

Íslenski dansflokkurinn þarf að fá aukin fjárframlög svo hann geti betur sinnt því hlutverki sínu að rækta nýja danshöfunda og skapa þeim tækifæri til að þróa verk sín við bestu mögulegu skilyrði.

Styrkveitingar til sjálfstæða dansgeirans þurfa að haldast í hendur við aukna framleiðslu og fjölbreytileika í greininni og styrkjakærni þarf að endurspegla hlutdeild dansins í sviðslistaumhverfinu. Einnig þarf að tryggja að úthlutun fjár byggji á faglegu mati aðila með sérþekkingu á dansi.

Hvetja þarf alla listdansskóla til að taka upp Aðalnámsskrá



í listdansi á grunnstigi, auk þess sem semja þarf námsskrá fyrir nemendur á forstigi. Styrkja þarf sérstöðu hvers dansskóla á framhaldsstigi til að auka breidd og fjölbreytni í grunnmenntun dansara. Huga þarf að áframhaldandi uppbyggingu náms á háskólastigi, sem og símenntun danslistamanna.

Efla þarf fjárhagslegan grundvöll Félags íslenskra listdansara svo félagið geti beitt sér af meiri krafti í hagsmunabaráttu danslistamanna.

Stórefla þarf heimildaskráningu og koma upp gagnagrunni um listdans á Íslandi. Mikilvægt er að halda utan um menningararfinn og gera hann aðgengilegan fræðimönnum og listamönnum samtímans til að dýpka skilning okkar á uppruna okkar.

Efla þarf fræðilegar rannsóknir á listdansi á Íslandi, enda eru þær forsenda aukinnar þekkingarsköpunar og virðingar fyrir greininni. Þörf er á vitundarvakningu í fræðasamfélaginu um snertifleti dansins við fjölmörg og ólík fræðasvið og víðtæka rannsóknarmöguleika sem í þeim felast. Fræðilegar rannsóknir í dansi snerta öll svið mannlegrar tilveru.

Tillögur

- Stofnað verði Danshús í Reykjavík sem verði miðstöð alhliða fagþróunar danslistamanna.
- Opinber fjárframlög og styrkveitingar til sviðslista verði endurskoðuð og skipulögð með tilliti til dansins.
- Listdansskólum sem kenna samkvæmt Aðalnámsskrá verði tryggður rekstrargrundvöllur með lagasetningu og sérstaða hvers skóla styrkt.
- Boðið verði upp á meistaranám í dansi við Listaháskóla Íslands og nemendaígildum við dansbraut fjölgað.
- Menntamálaráðuneytið geri þjónustusamning við Félag íslenskra listdansara.
- Fræðasetur verði stofnað í Danshúsi, sem hafi á hendi heimildasöfnun, fræðastarfsemi og miðlun.



BlóMLEgt lista- og menningarlíf er órjúfanlegur hluti lýðræðislegs samfélags og eykur lífsgæði þegna þess. Þar spretta upp nýjar hugmyndir og til verður lifandi vettvangur þar sem tekist er á við fortíð, samtið og framtíð. Í gegnum listir og menningu verða til stefnumót ólíkra einstaklinga og hópa samfélagsins, sem bjóða upp á ný sjónarhorn á veruleikann í kringum okkur. Þessi sjónarhorn endurspeglar tilvist okkar, hugsanir og hátterni. Listdansinn býður annars konar möguleika á nálgun og upplifun í samtímanum en aðrar listgreinar og eykur þannig fjölbreytni menningarflórunnar.

Árangur fram að þessu

Dansinn hefur nú slitið barnsskónum og ákveðinn stöðugleiki er fyrir hendi um leið og vaxtarbroddum fjölga stöðugt. Danslistamenn taka æ oftar þátt í ýmiss konar verkefnum þar sem dansinn mætir öðrum listformum á jafnréttisgrundvelli. Fordómalaus umgengni danslistamanna við önnur listform hefur opnað nýja sýn og ýtt undir framþróun þeirra. Dansarar eru óhræddir við að kanna nýjar leiðir í framsetningu hugmynda sinna jafnframt því sem inntak dansverka spannar stöðugt breiðara svið mannlífsins. Ljóst er að framfarir í menntun dansara gera þá hæfari en nokkru sinni fyrr til fjölbreyttrar þátttöku og frumkvæðis í hvers kyns menningarstarfi.

Bæði stofnanir í dansi og einstakir danslistamenn skipa nú fastan sess í menningu þjóðarinnar og hafa aukið sýnileika dansins til muna.

Konur hafa verið í fararbroddi í uppbyggingu og ástundun listdans á Íslandi og sinnt þar mikilvægu frumkvöðlastarfi. Ólíkt

því sem gerist víða annars staðar hafa konur haslað sér völl í stjórnunarstöðum á öllum vígstöðvum dansins og sýnt mikinn kjark og úthald í störfum sínum.

Það sem þarf að breytast

Í opinberri umræðu er oft litið á dansinn sem undirgrein leiklistar og gert ráð fyrir að stuðningur við leiklistarstarfsemi mæti einnig þörfum dansins. Breyta þarf staðalímynd listdansins í samfélaginu, stjórnsýslu og menntakerfi, með jafnrétti, víðsýni og virðingu að leiðarljósi. Styrkja þarf opinbert stoðkerfi við dans sem sjálfstæða listgrein, auka sýnileika hans og koma þannig í veg fyrir að hann mæti afgangi í ýmiss konar skipulagi. Mikilvægt er að hlúa að þeim vexti sem nú er í greininni og nýta þá möguleika sem listformið býður upp á sem sérstakur þáttur í heildstæðu menningarlífi.

Þrátt fyrir að íslenski dansflokkurinn hafi orðið sjálfstæð stofnun árið 1991 eftir að hafa lotið yfirumsjón þjóðleikhússtjóra



- ◀◀◀ **Slátrhús Hjartans**, 2010
Höfundar: Anna Richardsóttir og Sigurbjörg Eiðsdóttir
Ljósmyndari: Sigurbjörg Eiðsdóttir
- ◀◀◀ **Pretty Basic**
Reykjavík Dance Festival 2009
Höfundur: saga&magga í samstarfi við Úlf Hansson
Ljósmyndari: © Bryndís Steina Friðgeirsdóttir
- ◀◀◀ **Styggðarstjórnun**
Reykjavík Dance Festival 2009
Höfundur: Gunnlaugur Egilsson
Ljósmyndari: © Bryndís Steina Friðgeirsdóttir

Listdansinn er mikilvægur þáttur í frjóu lista- og menningarlífi

Í tæp tuttugu ár, hefur hann þó hvorki fengið eigið húsnæði til umráða né fjármagn sem endurspeglar starfsemi flokksins. Þessu þarf að breyta.

Auka þarf þátt listdansins í allri menningarumræðu. Þar spila fjölmiðlar veigamikil hlutverk og skiptir því miklu máli að á þeim vettvangi sé fagleg umfjöllun og gagnrýni til jafns við aðrar listgreinar.

Til að dansinn verði hluti af fjölbreyttu menningarlífi þjóðarinnar þurfa allar kynslóðir danslistamanna að vera með í samtalinu. Bæta þarf aðstæður danslistamanna svo þeir hafi tök á því að sinna listrænu starfi fram yfir miðjan aldur. Annars fer mikilvæg reynsla forgörðum og raddir dansins verða eintóna.

Tillögur

- Alþingi setji lög um listdans til að viðurkenna og skýra stjórnsýslulegt umhverfi dansins.
- Íslenski dansflokkurinn eignist sitt heimili, óháð öðrum stofnunum, í Danshúsi.
- Allir fjölmiðlar leiti til fagmenntaðra dansgagnrýnenda sem tryggi vandaða umfjöllun dansýninga.
- Breyta þarf staðalímynd dansins með markvissri upplýsingu þar sem raunhæf mynd er dregin upp af fjölbreytileika formsins og iðkenda þess.
- Hagrænt gildi danslistarinnar verði rannsakað.

► *The Butterface*, 2009
Höfundar: Steinunn and Brian
Ljósmyndari: Tilo Stengel

► *Transaquania – Out of the Blue*,
Íslenski dansflokkurinn 2009
Höfundur: Erna Ómarsdóttir, Damien Jalet og Gabriela Friðriksdóttir

Listdansinn er í gagnvirku sambandi við alþjóðasam- félagið



Í dansinum er fólgið sjálfstætt alþjóðlegt tungumál sem allar þjóðir heims upplifa, njóta og skilja. Með dansinum opnast einstakt tækifæri til að eiga samtál við og öðlast innsýn í menningu og sögu annarra þjóða, brjóta niður fordóma og auka víðsýni. Heimur dansins er fjölþjóðlegur, en sérstaða íslenskra danslistamanna byggist á því að þeir hafi sterkar rætur í íslenskum jarðvegi.

Árangur fram að þessu

Íslenskir danslistamenn hafa síðastliðinn áratug vakið verðskuldaða athygli og náð framúrskarandi árangri með dansverkum sínum víða um heim og nú sést íslenskur dans reglulega í leikhúsum erlendis í margvíslegu samhengi. Það er því ljóst að danslistamenn líta á heiminn allan sem eitt markaðs- og atvinnusvæði og eiga erindi á alþjóðavettvangi.

Alþjóðleg tengslanet viðhalda nauðsynlegum tengslum við alþjóðaumhverfið og hafa reynst lykilatriði í að draga úr einangrun íslenska listdansins. Þátttaka Íslenska dansflokksins, Reykjavík Dance Festival og dansbrautar Listaháskóla Íslands í alþjóðlegum tengslanetum hefur gjörbreytt landslaginu í dansi hérlandis á skömmum tíma. Með virkri starfsemi í stöðugri þróun og reglulegri þátttöku í viðburðum í gegnum þessi net hafa opnast áður óþekktir möguleikar, til að mynda fyrir

samfellu í starfi íslenskra dansara. Þar fyrir utan eru óformlegri tengslanet einstaklinga og sjálfstætt starfandi danshópa sífellt að þéttast.

Vegna aukinnar sóknar og sýnileika Íslendinga út fyrir landsteinana hefur áhugi erlendra danslistamanna á Íslandi sem starfsvettvangi aukist jafnt og þétt. Umtalsverður fjöldi erlendra danslistamanna kemur að jafnaði hingað á ári hverju til að sinna kennslu og sýningarstörfum og verður þannig hluti af alþjóðlegu samtali danslistarinnar á Íslandi.

Það sem þarf að breytast

Endurskilgreina þarf markaðssvæði danslistarinnar. Hvetja þarf lykilaðila í stjórnsýslu, í atvinnulífinu og í ferðaþjónustu til að nýta þau tækifæri sem felast í listdansinum og markaðssetningu hans á alþjóðlegum vettvangi.



Tryggja þarf starfsemi Reykjavík Dance Festival með fjármagni og fastri aðstöðu, til að mynda í Danshúsi, og stöðugleika í daglegum rekstri. Aðeins þannig nær hátíðin að festa sig í sessi í alþjóðlegu umhverfi og laða að sér listamenn og áhorfendur víðs vegar að.

Fjölga þarf möguleikum á mismunandi stefnumótum innlendra og erlendra danslistamanna með miðlun þekkingar og þróun samvinnu að leiðarljósi.

Bæta þarf aðstæður fyrir erlenda danslistamenn til að vinna að verkum sínum á Íslandi og koma þannig til móts við þann mikla áhuga sem fyrir hendi er.

Greiða þarf götu íslenskra danslistamanna í alþjóðlegu samstarfi, svo kostnaður standi ekki í vegi fyrir framþróun og arðsemin verði meiri. Sýningar erlendis lengja líftíma dansverkanna og auka skilvirkni þess fjármagns sem sett hefur verið í framleiðslu þeirra.

Tillögur

- Stofnuð verði Útflutningsmiðstöð dansins innan Danshúss, sem kortleggi og nýti sóknarfæri listdansins.
- Skipuleggjendum erlendra danshátíða og sýningarstaða verði markvisst boðið á íslenska dansviðburði.
- Fjármagn til Reykjavík Dance Festival verði stórukið og tryggt til lengri tíma.
- Gestavinnustofum fyrir erlenda danslistamenn verði komið á fót.
- Upplýsingamiðstöð verði stofnsett í Danshúsi, til að greiða fyrir upplýsingaflæði milli íslenskra og erlendra danslistamanna og hvetja til samvinnu.
- Loftbrú fyrir danslistamenn verði sett á laggirnar.

Stefanía Guðmundsdóttir í Kaupmannahöfn kynnist G. Bertelsen.

1904-5

Sigríður Ármann semur *Eld*, fyrsta alíslenska listdans-verkið. Þjóðleikhúsið opnað. Ásta Norðmann semur dans fyrir eitt opunarverkið, *Nýársnóttina*.

1950

Nanna Ólafsdóttir tekur við starfi listdansstjóra Íslenska dansflokksins. Fyrsti íslenski heilkvölds-ballettinn, *Blindisleikur* eftir Jón Ásgeirssons og Jochen Ulrich, er jólasýning Þjóðleikhússins. Sveinbjörg Alexanders dansaði og samdi sumt.

1980

20 ára afmælisýning Íslenska dansflokksins og 40 ára afmæli Listdanssskóla Íslands haldið hátíðlegt með sýningu á *Coppeliu* undir stjórn Evu Evdokimova. Klassíski listdanssskólinn stofnaður af Guðbjörgu Skúladóttur.

1993

Félagið Dansmennt, sem er í eigu Listaháskóla Íslands, stofnar nýjan listdanssskóla byggðan á gömlum merg, Listdanssskóla Íslands. Lauren Hauser ráðin skólastjóri. Íslenski dansflokkurinn sýnir *We are all Marlene Dietrich FOR* eftir Ernu Ómarsdóttur o.fl. Steinunn Ketilsdóttir og Andreas Constantinou stofna Prototype 108 þar sem áherslan er á að gera sköpunarferli danslistamanna sýnilegt.

2006

Bertelsen kennir plastík og dans og semur dansa fyrir Nýársnóttina sem ekki duga nógu vel. Guðrún Indriðadóttir semur nýja dansa. Fyrsti ísl. dans-höfundurinn

1907

1952- Listdanssskóli Þjóðleikhússins stofnaður. Erik Bidsted ráðinn ballettmeistari. Sigríður Ármann semur *Ólaf Liljurós*.

1953- *Ég bið að heilsa*, dansverk eftir Bidsted.

1955- *Dimmalimm* eftir Bidsted.

1952-1955

Ballettinn *Giselle* undir stjórn Antons Dolin og Johns Gilpin settur á svið í Þjóðleikhúsinu. Ásdís Magnúsdóttir og María Gísladóttir fóru með titilhlutverkið. Helgi Tómasson dansaði í nokkrum sýningum. Ballettskóli Guðbjargar Björgvins stofnaður.

Alice Helga Jóhannsdóttir stofnar Dansstúdíó Alice á Akureyri.

1982

1994- *Jörvagleði* eftir Auði Bjarnadóttur sýnd í Borgarleikhúsinu. Guðbjörg Arnardóttir stofnar Listdanssskóla Hafnarfjarðar.

1996- Ný stjórn dansflokksins ræður Katrínu Hall sem listdansstjóra. Dansleikhús með ekki stofnað. *Fjárhirsla vors herra* eftir Nönnu sýnd í Borgarleikhúsinu.

1994-1996

2006- Danslistaskóli JSB og Klassíski listdanssskólinn hljóta viðurkenningu menntamála-ráðuneytisins á starfsemi sinni. Skýrsla um Danshús, miðstöð fyrir samtímadans á Íslandi gefin út.

2008- Fyrstu listdansararnir útskrifast með BA-gráðu frá samtímadansbraut Listaháskóla Íslands.

2006 - Dansmynd Helenu Jónsdóttir *Another* sýnd á yfir 60 sjónvarpsstöðvum og hátíðum um allan heim

2006-2008

Stefanía aftur í Kaupmannahöfn og nemur dans hjá Emilie Walblom, þ. á m. ballett.

Stefanía og Guðrún, danskennsla í Reykjavík. Semja dansa fyrir sýningar LR.

1914 og 18

Birgit Cullberg kemur og sviðsetur verk sitt *Fröken Júlíu* með þekktum norrænum dönsurum og íslenskum dönsurum. Erik Bidsted hættir sem ballettmeistari Þjóðleikhússins. Helgi Tómasson fer til náms í New York. Margir aðrir íslenskir dansnemar fara líka út til frekara náms.

1960

Fröken Júlía sviðsett á ný. Ásdís Magnúsdóttir dansaði Júlíu. Sænskir dansarar, m.a. Niklas Ek, dönsuðu karlhlutverkið. Íslensk dansverk eftir Nönnu Ólafsdóttur, Ingibjörgu Björnsdóttur og dansara flokksins flutt á haustsýningu.

1983

Cabina 26 eftir Jochen Ulrich sýnd. Íslenski dansflokkurinn flytur í Borgarleikhúsið. Örn Guðmundsson ráðinn skólastjóri Listdanssskóla Íslands. Karen María Jónsdóttir hlýtur International DanceWEB Scholarship fyrst Íslendinga.

1997

Lára Stefánsdóttir ráðin skólastjóri Listdanssskóla Íslands. Ásta Bærings stofnar skólann Danskompaní í Reykjanesbæ. Bryndís Einarsdóttir stofnar Bryn Ballett Akademiuna í Reykjanesbæ. Meistaránám í listkennslu fyrir dansara stofnsett í Listaháskóla Íslands.

2009

1922- Ásta Norðmann sýnir listdans í Iðnó. Nam í Leipzig.

1928- Margreth Brock-Nielsen konunglegur dansari sýnir í Reykjavík og víðar.

1922-1928

Breskir ballettmeistarar við Þjóðleikhúsið.

Innlendir ballettskólar reknir af Sigríði Ármann, Guðnýju Pétursdóttur, Katrínu Guðjónsdóttur, Eddu Scheving og Þórhildi Þorleifsdóttur.

1960-1970

1984- *Öskubuska* í danssköpun Yelko Yurésa er á verkefnaskrá flokksins. Ásdís og fleiri fóru með aðalhlutverkið en franskur dansari, Jean-Yves Lormeau, var prinsinn.

1985- *Dafnis og Klói* eftir Nönnu Ólafsdóttur er aðal-sýning dansflokksins.

1984-1985

1998- *Stool Game* eftir Jiri Kylián flutt af Ísl. dansflokknum. Einnig verk eftir Jorma Uotinen, *Night*. Nederlands Dans Theater II og III sýna á Listahátíð. Danshöfundakeppni haldin í fyrsta sinn.

1999- Fyrsta danshöfundarverk Katrínar Hall, *NPK*.

1998-1999

Stofnuð Samtök um Danshús í Reykjavík. Dansverkstæðið – vinnustofa danshöfunda hefur starfsemi. Fyrsta dansstefnan gefin út.

2010

Ásta Norðmann stofnar fyrsta listdanskólann á Íslandi.

Ásta Norðmann tekur við sem danshöfundur hjá Leikfélagi Reykjavíkur frá 1924 og starfar við það í mörg ár.

1931- Rigmor Hanson sýnir *Draum greifafrúarinnar* í lðnó. Hún rekur dansskóla og kennir líka listdans.

1933- Helene Jónsson stofnar skóla og sýnir listdans víða.

1937- Ellen Kid stofnar skóla.

1939- Ellen Kid sýnir klassískan og nútímalistdans í lðnó fyrst í febrúar og aftur í nóvember.

1943- Sif Þórs við nám London. Áður við konunglega ballettskólann í Kaupmannahöfn. Sigríður Ármann fer til náms í New York. Er þar í þrjú ár.

1947- Félag íslenskra listdansara stofnað. Listdansskóli á vegum félagsins.

1930-1950- Mikið um listdans-sýningar á fjórða og fimmta áratugnum.

1929

1931-1937

1939-1943

1930-1950

1967- Jassballettskóli Báru Magnúsdóttur stofnaður.

1970- Félag íslenskra listdansara fær styrk frá UNESCO til að fá hingað ballettkennara.

1973- Íslenski dansflokkurinn stofnaður. Alan Carter listdansstjóri.

1975- Ballettinn *Coppelia* sýndur af Íslenska dansflokknum. Carter fer. Helgi Tómasson dansaði sem gestur.

1976- Natalie Konjus semur *Ys og þys útafengu* og rússneska stórstjarnan Maris Liepa dansar með íslenskum dönsurum. Áður höfðu Per Arthur Segerström og Nils-Áke Hæggbom dansað með flokknum.

1977- Hnotubrjóturinn jólasýning Þjóðleikhússins.

1978- Anton Dolin sviðsetur verk sitt *Pas de Quatre* fyrir dansflokkinn.

1979- Íslenski dansflokkurinn fer í sína fyrstu utanlandsför með þursaflokknum til Svíþjóðar og Noregs. Marjo Kuusela semur ballettinn *Tófuskinnið* fyrir dansflokkinn. Auður Bjarnadóttir sigrar í norrænni keppni ungra listdansara.

1967-1973

1975-1976

1977-1979

Stöðugir ferðalangar eftir Ed Wubbe. Flokkurinn sýnir á Kuopio-hátíðinni í Finnlandi. Nanna hættir í starfi listdansstjóra.

1987- Íslenski jassballett-flokkurinn stofnaður. Áskriftarsýning Íslenska dansflokksins, *Ég dansa við þig* eftir Jochen Ulrich, vekur mikla lukku. Hlíf Svavarsdóttir ráðin listdansstjóri Íslenska dansflokksins. Pars pro Toto stofnað.

1988- Hlíf vinnur norræna danshöfundakeppni í Osló með verkinu *Afmönnum*.

1989- Hlíf hættir störfum sem listdansstjóri.

1990 - Íslenski dansflokkurinn og Listdansskóli Þjóðleikhússins flytja að Engjateigi 1. Auður Bjarnadóttir listdansstjóri.

1991- Ný reglugerð fyrir Íslenska dansflokkinn þar sem hann er gerður að sjálfstæðri stofnun. Einnig fyrir Listdansskóla Þjóðleikhússins sem nú heitir Listdansskóli Íslands.

1992- Nýskipuð stjórn dansflokksins ræður Maríu Gísladóttur í starf listdansstjóra. Gengið frá starfslokasamningum fyrir dansara. Nýr hópur dansara ráðinn. Svöluleikhús Auðar Bjarnadóttur stofnað.

1986

1987-1988

1989-1990

1991-1992

Á Listahátíð var flutt verkið *Baldr*, eftir Jón Leifs í danssköpun Jorma Uotinen. Komið á samvinnu dansflokka í Evrópu Trans Dans Europe sem Íslenski dansflokkurinn tekur þátt í. San Francisco Ballet undir stjórn Helga Tómassonar sýnir *Svanavatnið* á Listahátíð. Panic Productions stofnað. Dansleikhús með ekki sýnir *Ber* á EXPO heimssýningunni í Hannover.

2000-2003- Erna Ómarsdóttir vekur mikla athygli fyrir frammi-stöðu sína í *My movements are alone like streetdogs* eftir Jan Fabre og er í kjölfarið tvívegis tilnefnd sem mest spennandi dansari og danshöfundur Evrópu.

2001- Listdanskennsla hefst í Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar á Ísafirði.

2003- *Open Source* eftir Helenu Jónsdóttur vinnur fyrstu Dansleikhúskeppni LR og ÍD

2002- Reykjavík Dance Festival stofnað. DAnsleikhúsið stofnað. *Eva í þriðja veldi* sýnt af Dansleikhúsi með ekki. Íslenski dansflokkurinn sýnir *Sölku Völku* eftir Auði Bjarnadóttur.

2003- Aino Freyja Järvelä verður tengiliður evrópska dansnetsins Aerowaves á Íslandi.

2004- Helena Jónsdóttir vinnur til alþjóðlegra verðlauna fyrir dansstuttmyndina *Zimmer*

Námsskrár í listdansi bæði fyrir grunn- og framhaldskólastig gerðar á vegum Menntamálaráðuneytisins Listdansskóli Íslands lagður niður sem ríkisstyrktur skóli. Samtímadansbraut stofnuð við Listaháskóla Íslands. Karen María Jónsdóttir ráðin stjórnandi hennar. Point dansstudio stofnað af Sigyn Blöndal á Akureyri. Svið Group stofnað sem svo varð Íslenska Hreyfipróunarsamsteypan.

2000

2000-2003

2002-2004

2005

Íslensk listdanssaga í hnotskurn

Listdans er aðgengilegur öllum til upplifunar óháð félagslegri stöðu, aldri, kyni og búsetu

Stefnumið	Aðgerðir	2011	12	13	14	15	16	17	18	19	20	Útkoma
Almennt aðgengi að listdansi tryggt	Danshús reist í höfuðborginni											● Almenningur á kost á því að njóta listdans á sambærilegan hátt og annarra listgreina óháð félagslegri stöðu, kyni, aldri og búsetu
	Aðstaða fyrir danssýningar sköpuð í menningarhúsum á landsbyggðinni		●	●	●							
	Kerfi fyrir dreifingu og sýningarhald dansverka um allt land komið á fót		●									
Þörfum ólíkra markhópa mætt með breiðri flóru dansverka	Sérstakur danssjóður settur á laggirnar sem úthlutar fé til dansverka af ólíkum toga						●					Fjölbreytt úrval dansverka stendur almenningi til boða
Efla samtal danslistamanna og almennings	Fleiri gestavinnustofur fyrir danslistamenn víða um land			●	●	●						Dansverk endurspegla fjölbreytta samfélagsgerð og reynsluheim
Opna almenningi aðgang að dansi gegnum fjölmiðla	Danstengd dagskrárgerð í ríkisfjölmiðlum eflid		●		●		●		●		●	● Greiður aðgangur að dansi á öllum heimilum landsins
	Markviss framleiðsla dansmynda			●		●		●		●		
	Aukið aðgengi danslistamanna að Kvikmyndasjóði			●		●		●		●		

Listdansinn er hluti af uppeldi sérhvers einstaklings

Stefnumið	Aðgerðir	2011	12	13	14	15	16	17	18	19	20	Útkoma
Auka sýnileika dansins í öllu skólastarfi og tryggja að listdans njóti jafnræðis í listgreinakennslut	Endurskoðun Aðalnámsskrár grunnskóla með tilliti til dansins		●									Allir nemendur á leik- og grunnskólastigi njóta listdansmenntunar í fullu samræmi við markmið Aðalnámsskrár
	Færa listdansinn niður í Aðalnámsskrá leikskóla				●							
	Koma á fót innra gæðamati til að tryggja framfylgni námsskrár og gæði listdansnámsins			●		●						
	Útgáfa námsefnis í dansi			●		●		●				
Mæta ólíkum þörfum og námshæfni einstaklingsins	Samþætta dansinn kennslu í hefðbundum námsgreinum með tilliti til kenninga um fjölgreindir			●	●	●						Allir hafa tækifæri til að læra með sínum hætti
Fjölgun danskennara með kennsluréttindi og leyfisbréf	Áframhaldandi uppbygging kennaranáms í dansi	●	●									Öflug, framsækin og viðurkennd danskennarastétt
	Vönduð kynning á danskennaranámi og ávinningi af því	●		●		●						
Skapa fjölbreyttan vettvang til að leiða saman listamenn og börn	Efla meðvitund um mikilvægi barnamenningar í styrkjaumhverfinu	●		●		●						Frjótt og litríkt samtal danslistamanna, barna, mennta- og menningarstofnana
	Hvetja danslistamenn til að semja dansverk fyrir börn	●		●		●						
	Veita skólum upplýsingar um þær danssýningar sem í boði eru											
	Sérverkefni með áherslu á þátttöku barna í skólum og öðrum menningarstofnunum		●		●		●					
	Bein aðkoma danslistamanna að skólastarfi	●										
	Sterk viðvera dansins á Barnamenningarhátíð	●	●	●	●	●	●	●	●	●	●	
Dans verði valkostur í tómstundastarfi barna og unglinga	Áhugadanshópar verði hluti af starfsemi ungmennafélaga og æskulýðssamtaka							●	●	●	●	Börn hvar sem er á landinu hafa tækifæri til að upplifa listdans og njóta forvarnargildis hans
	Danssumarbúðum komið á fót						●	●	●	●	●	
	Dans verði hluti af framboði íþróttá- og tómstundaráðs			●	●	●	●	●	●	●	●	
	Málþing ungmenna um dansformið þar sem ólíkar kynslóðir mætast í samtali				●			●			●	

Listdansinn einkennist af fagmennsku, framsækni og frumkvæði

Stefnumið	Aðgerðir	2011	12	13	14	15	16	17	18	19	20	Útkoma
Búa danslistamönnum líkamlega og félagslega heilsusamlegt vinnuumhverfi og minnka brottfall í greininni	Stofnað verði Danshús í Reykjavík sem verði miðstöð alhliða fagþróunar danslistamanna					•						Listamenn í stöðugri faglegri þróun búa við aukið atvinnuöryggi
	Daglegir þjálfunartímar fyrir dansara	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	
	Skólar og stofnanir sameinist um framboð sérnámskeiða fyrir fagfólk		•		•		•		•		•	
	Gerð kjarasamninga og viðmiðunartaxta fyrir dansara, danshöfunda og danskennara í samræmi við aðrar greinar sviðslista	•	•	•								
	Sett verði reglugerð um slysstryggingar dansara eins og nú er til staðar fyrir íþróttafólk samkv. reglugerð 117/1993 um almannatryggingar			•								
Styrkjakkerfi sem mætir fjölbreyttum þörfum danslistamanna og byggist á faglegu mati	Fjármagn til Íslenska dansflokksins aukið í samræmi við hlutverk hans og skyldur						•				•	Stöðugleiki í stuðningi við faglega uppbyggingu og gæðapróun
	Fjárhagslegur grundvöllur Reykjavík Dance Festival tryggður							•		•		
	Stóraukinn fjöldi verkefna- og þróunarstyrkja til sjálfstæðra danslistamanna						•		•			
	Einstaklingar með sérþekkingu á dansi sitji í opinberum nefndum sem veita fjármagni til dansverka	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	
Skapa aðstæður fyrir vandaða og fjölbreytta menntun dansara á grunn-, framhalds- og háskólastigi	Fleiri dansskólar taki upp Aðalnámsskrá á grunnstigi	•	•	•								Öflug hreyfing listamanna með sterka rödd og skýr sérkenni leiðir framgang danslistarinnar
	Sérstaða hvers dansskóla styrkt	•	•	•	•							
	Dansskólum sem kenna samkvæmt Aðalnámsskrá verði tryggður rekstrargrundvöllur með lagasetningu				•							
	Fjölgun nemendaígilda á dansbraut Listaháskóla Íslands			•		•						
	Boðið verði upp á meistaranám í dansi við Listaháskóla Íslands					•						
	Ráðið verður í akademíska stöðu prófessors í dansi við Listaháskóla Íslands	•										
Efla Félag íslenskra listdansara til þess að sinna verkefnum á sviði dansins sem snerta félagsmenn og almenning	Menntamálaráðuneytið geri þjónustusamning við Félag íslenskra listdansara		•									Sterk fagvitund danslistamanna
	Gengið frá skiptingu fjármögnunar dansnáms á grunnstigi milli ríkis og sveitarfélaga	•										
Fræðastarf á sviði danslistarinnar stór- aukið og varðveisla og aðgengi að heimildum um listdans tryggð	Fræðasetur dansins verði sett á stofn í Danshúsi					•						Aukin virðing fyrir danslistinni og meðvitund um tengsl dansins við öll svið mannlegrar tilveru
	Uppsetning gagnagrunns og stórefld heimildaskráning						•					
	Kynna innan háskólasamfélagsins möguleika á þverfaglegri nálgun fræðasviða við dans			•	•	•						
	Upplýsa rannsóknasjóði um dansinn sem viðfangsefni í rannsóknum			•	•	•						

Listdansinn er mikilvægur þáttur í frjóu lista- og menningarlífi

Stefnumið	Aðgerðir	2011	12	13	14	15	16	17	18	19	20	Útkoma
Skapa opinbert stoðkerfi við listdans sem sjálfstæða listgrein sem viðurkennir fjölbreytileika formsins og iðkenda þess	Lög um danslist sett á Alþingi					•						Opinber viðurkenning á dansinum sem sjálfstæðri listgrein með skýran stjórnsýslulegan ramma
	Danslistinni tryggt fé í samræmi við þau hlutverk sem skilgreind eru í lögum um danslist						•	•	•	•	•	
	Aukin aðkoma danslistamanna að ákvarðanatöku innan stjórnsýslunnar sem og fagnefndum, ráðum og skipulagshópum		•	•	•							
	Dansinn verði snar þáttur í menningarstefnu ríkisins	•										
	Hagrænt gildi danslistarinnar verði rannsakað		•									
Auka sýnileika og viðveru danslistarinnar í menningarlífinu	Dansinn verði hluti af menningaráætlun hvers byggðarlags og tryggð aðstaða og kynning í samræmi við það						•	•	•	•	•	Aukin lífsgæði með kraftmikilli menningarflóru og fjölradda samtali á jafnréttisgrundvelli
	Danhús rísi í Reykjavík sem tengi danslist og samfélag á sama hátt og önnur menningarhús										•	
	Íslenski dansflokkurinn eignist æfinga- og sýningarými í Danshúsi, sem hæfir stöðu hans í samfélaginu										•	
Auka faglega umfjöllun og gagnrýni um dans í fjölmiðlum	Samráð við ritstjóra um að dans verði hluti af menningarumfjöllun fjölmiðla	•										Almenn þekking og vitund um þátt dansins í samfélaginu
	Fjölmiðlar ráði til sín gagnrýnendur með fagþekkingu í dansi	•										
	Dansgagnrýni verði þáttur í meistaranámi í dansi					•						

Listdansinn er í gagnvirku sambandi við alþjóðasamfélagið

Stefnumið	Aðgerðir	2011	12	13	14	15	16	17	18	19	20	Útkoma
Aukinn sýnileiki íslenskra dansverkefna með markvissri markaðssetningu erlendis	Stofnun Útflutningsmiðstöðvar listdansins sem kortleggur sóknarfæri og ávinninga hans í alþjóðlegu samhengi			•								Íslenskir danslistamenn eru öflugir þátttakendur í alþjóðlegu sviðs-listaumhverfi
	Loftbrú komið á fót fyrir íslenskar danssýningar		•									
	Erlendum framleiðendum og skipuleggjendum hátíða og sýningarstaða markvisst boðið á íslenska dansviðburði	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	
Skapa vettvang fyrir fjölbreytt alþjóðlegt samstarf danslistamanna hér á landi	Hlutverk úthlutunarsjóða til dansverkefna endurskilgreint með tilliti til alþjóðasamstarfs					•						Markaðs- og atvinnusvæði danslistamanna er óháð landamærum
	Upplýsingamiðstöð verði stofnsett í Danshúsi til að greiða fyrir upplýsingaflæði milli íslenskra og erlendra danslistamanna	•										
	Gestavinnustofur fyrir danslistamenn kynntar markvisst erlendis				•	•	•					
	Danslistamenn hvattir til að nýta þá farvegi sem fyrir hendi eru til að þróa samstarf og miðla þekkingu	•		•		•						
Aukið framboð erlendra danssýninga hérlandis	Reykjavík Dance Festival verði alþjóðleg danshátíð með fjölbreyttu framboði erlendra og innlendra sýninga og fái fjárstuðning í samræmi við það			•								Landsmenn hafa aðgang að allri þeirri breidd sem listdans hefur upp á að bjóða og staðsetja íslenskan listdans í alþjóðlegu samhengi
	Listahátíð sýni árlega a.m.k. eina erlenda danssýningu		•	•	•	•	•	•	•	•	•	
	Kynna listdans fyrir menningarhátíðum víða um land sem valkost á dagskrá		•	•	•							
	Kynna möguleika listdansins fyrir aðilum í ferðaþjónustu svo hann verði ríkur þáttur í menningartengdri ferðaþjónustu				•	•			•	•		

Tveir stefnumótunarfundir voru haldnir í húsnæði leiklistardeildar Listaháskóla Íslands í apríl og maí 2010. Á fyrri fundinn voru boðaðir allir fagaðilar danssamfélagsins, þ.e. höfundar, flytjendur, danskennarar, dansmyndagerðarmenn og dansfræðingar auk annarra hagsmunaaðila í menningargeiranum og stjórnsýslunni. Kallað var eftir framtíðarsýn fyrir dansinn og hugmyndum um uppbyggingu.

Á seinni fundinn voru boðaðir allir fagaðilar úr danssamfélaginu og viðtækt stöðumat gert á danssamfélaginu sjálfu. Matið var sent til allra innan danssamfélagsins til frekari endurgjafar sem síðan var bætt við niðurstöðurnar. Stöðumatið liggur til grundvallar þeirri áætlun sem hér er lögð fram, en það má finna í heild sinni á vefsíðu FILD, www.dance.is.

Í kjölfar stöðumatsins tók vinnuhópur við gögnunum og fyrsta uppkast að stefnumótun var smíðað. Mótaður var úrtakshópur sem fékk skjalið sent til endurgjafar áður en lögð var hönd á smíði aðgerðaáætlunarinnar. Skjalið var svo í heild sinni sent til danslistamanna til endurgjafar áður en það var sent til rýnihópa

sem fóru sérstaklega í afmarkaða þætti stefnunnar. Að lokum var hún fullgerð.

Félag íslenskra listdansara þakkar öllum þeim sem komu að gerð þessarar stefnu og áætlunar fyrir hugmyndir sínar, innsýn og eldmóð, sem endurspeglast nú í skýrri framtíðarsýn.

Eftirtöldum aðilum er einnig þakkað sérstaklega:

Sólveig Ólafsdóttir, Ólöf Ingólfsdóttir, Karen María Jónsdóttir, Katrín Dagmar Beck, Hany Hadaya, Ingibjörg Björnsdóttir, Listaháskóli Íslands, Félag íslenskra listdansara, Skjal ehf.

Öllum sem tóku þátt í rýnihópum: Ása Richardsdóttir, Ásgeir Helgi Magnússon, Ásgerður H. Gunnarsdóttir, Ásta Björnsdóttir, Guðbjörg Arnarsdóttir, Guðmundur Helgason, Hannes Þór Egilsson, Hrafnhildur Einarsdóttir, Irma Gunnarsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Kristín Valsdóttir, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Sesselja G. Magnúsdóttir, Steinunn Ketilsdóttir, Sveinbjörg Þórhallsdóttir og Tinna Grétarsdóttir.



FÍLD

FÉLAG ÍSLENSKRA
LISTDANSARA

www.dance.is
dance@dance.is

©FÍLD 2010